

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*24. september 2015*

*Ágætu foreldrar/forráðamenn.*

Af starfi skólans ber þess helst að geta að miðvikudaginn 16. september var skógardagurinn á Hólum sem er sameiginlegur þemadagur allra nemenda í 1. – 7. bekk í Grunnskólanum austan Vatna. Þennan dag fór öll kennsla fram undir berum himni og unnu nemendur fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem tengdust hinum ýmsu námsgreinum.

*Styttur skóladagur.*

Mánudaginn 28. september stytum við skóladaginn vegna námskeiðs hjá kennurum. Nemendur fara þá heim um hádegi að loknum hádegismat.

*Haustþing kennara föstudaginn 2. október.*

Föstudaginn 2. október verður frí hjá nemendum vegna haustþings kennara.

*Flatböku-Fljót.*

Fimmtudaginn 8. október verða nemendur í 9. bekk með pizzuhlaðborð á Ketilási. Pizzuhlaðborðið er fjáröflunarverkefni þeirra en þau fara að Laugum í Sælingsdal í febrúarbyrjun.

Pizzuhlaðborðið verður frá kl. 19.00-21.00. Við vonumst til að sem flestir komi og gæði sér á dýrindis pizzum og styrki krakkana í leiðinni.

*Minningarhátíð (Rakelarhátíð).*

Sunnudaginn 11. Október kl. 14 verður Rakelarhátíðin haldin í Höfðaborg. Fyrir þá sem ekki vita er Minningarhátíðin fjáröflunarskemmtun fyrir Minningarsjóð Rakelar Pálmadóttur sem var nemandi hér við skólann en lést af slysförum aðeins 8 ára gömul. Sjóðurinn hefur í gegnum tíðina staðið þétt við bakið á skólanum og gefið fjölmarga hluti til hans, bæði til félagsstarfa nemenda og eins tæki til notkunar í kennslu.

Til að þessi hátíð geti orðið að veruleika verðum við að treysta á aðstoð foreldra. Óskum við eftir sjálfboðaliðum í aðstoð við framkvæmd hátíðarinnar, okkur vantar aðstoð við bakstur, aðstoð við undirbúning á laugardeginum en á sunnudeginum er það aðstoð í eldhúsinu. Þeir sem vilja leggja okkur lið eru beðnir um að hafa samband við Bjarka Má sem fyrst.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*